

Reykjavík, 13. júlí 2016

### **Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Austurlands hf.**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánum hjá Sparisjóði Austurlands hf. í desember 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna gæði útlánasafns sparisjóðsins, með tilliti til 17., 19, 30. og 88. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, reglna nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum og reglna nr. 834/2003 um reikningskil lánastofnana.

Könnuð voru útlán og veittar ábyrgðir er námu um 1.366,1 milljónum króna eða 49,6% af útlánasafni sjóðsins. Sérstök áhersla var lögð á að skoða útlán hjá tuttugu lánþegum sem voru með hæstu skuldbindingar gagnvart sjóðnum sem og aðila tengda þeim.

Þá var farið ítarlega yfir allar nýjar lánveitingar sjóðsins á tímabilinu 1. október 2014 til 30. september 2015 sem voru að fjárhæð 3 m.kr. eða hærri, alla lánþega í vanskilum umfram 90 daga og framlög í sérgreindan afskriftarreikning.

Í athuguninni var farið yfir fundargerðir stjórnar og innri reglur sparisjóðsins, auk þess sem kannað var hvernig eftirliti af hálfu starfsmanna og stjórnar með fjárhag og greiðslugetu lántaka var háttað.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júní 2016 og miðast við 30. september 2015. Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að ekki var til staðar skjalfest verklag hjá sparisjóðnum til að stýra framkvæmd og úrvinnslu lánaákvarðana og að sjóðurinn hafði ekki sett sér skjalfest töluleg viðmið um hámarksveðsetningarlutfall veðandlaga.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að í lánareglum sparisjóðsins var ekki nægilega skýrt tilgreint í hvaða tilvikum heimilt væri að hvika frá ákvæðum reglnanna um tryggingar og taldi það ekki samrýmast góðum viðskiptaháttum og venjum á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að upplýsingagjöf til stjórnar sparisjóðsins um útlánaáhættu og framgang áhættustýringar var ekki í samræmi við innri reglur sparisjóðsins og því hefði stjórn sparisjóðsins ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu með fullnægjandi hætti. Einnig var gerð athugasemd við að ekki var til staðar skjalfest verklag til að styðja við framkvæmd áhættustýringar sparisjóðsins.

Varðandi lánveitingar til einstakra aðila gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að lánshæfismöt voru ekki framkvæmd í nokkrum tilvikum, sbr. II. kafla laga nr. 33/2013 um neytendalán.

Að lokum gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að framkvæmd sparisjóðsins við mat á almennu afskriftarframlagi samrýmdist hvorki afskriftarreglum sjóðsins né reglum nr. 834/2003 um reikningskil fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Sparisjóður Austurlands hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sparisjóðsins framkvæmdi úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í nóvember 2016.